



SAFNASAFNIÐ

5608952089 / safngeymsla@simnet.is / www.folkart.is / www.safnasafnid.is / 4614066

601 Akureyri, Svalbarðsströnd

STARFSSTEFNA

[gildir til 12.10.2017]

Efnisyfirlit

Starfssvæði/markmið; Alþýðulist Íslands; Hringferill myndlistar, 16 þátta greiningarkerfi [nh]; jafnréttismál; samstarf innanlands; söfnunarstefna; móttaka og varðveizla listaverka, annarra gripa, ljósmynda og heimilda; forvarzla; ágríp af áætlun um fyrirbyggjandi forvörzlu 2014-2017; ljósmyndun og tölvuskráning; sýningarstefna; nýmæli; fræðsla; rannsóknarmarkmið; rannsóknaráætlun [útdráttur]; ábyrgð; helstu varðveizlustaðir Alþýðulistar Íslands; húsnæði; heimildir; útgáfur; bókasafn; umhverfisstefna; þjónusta/miðlun; samstarf erlendis; miðlun erlendis; eftirfylgni erlendis; viðurkenningar; framtíðarsýn; umfjöllunarefni; öryggismál o.fl.

Inngangsorð

Við endurskoðun Starfsstefnunnar er litið til ýmissa þátta er varða starfsemi safnsins, hlutverk þess í samtímanum og hvernig það getur þróast skv. markmiðum skipulagsskrár, nýjum safnalögum, stefnumörkun safnaráðs, sem og lögum og regluverki í öryggismálum. Þá er hugað að húsnæðisþörf safnsins, starfsmannamálum og væntingum um aukna ábyrgð í nánustu framtíð. Safnasafnið hefur komið sér upp þremur “tækjum” til þess að gera starfsemi sína nákvæmari og skilvirkari: regluverki við móttöku verka; hugmyndakerfi til greiningar á listaverkum sem það á eða tekur til varðveizlu; og yfirgrípismiklum hugmyndasjóði sem stöðugt er hægt að leita í Safnasafnið er fært inn undir eigin nafni og kennitölu í sjálfseignarstofnanaskrá Ríkisskattstjóra í Ísat flokki nr. 2008 91.02.1 Starfsemi safna. Það á 2 hús, 618 m², og fær að láni hluta af Þinghúsinu, eign stofnenda safnsins, Nielsar Hafstein og Magnhildar Sigurðardóttur, alls 182 m²

01

Starfssvæði/markmið

Starfssvæði Safnasafnsins er Ísland allt og markmið þess að safna Alþýðulist Íslands og miðla henni á jafnræðisgrundvelli ásamt framsækinni nútímalist, heima og erlendis. Safnið tekur við gjöfum á erlendri myndlist, og kaupir verk ef ástæða þykir, til að styrkja safneignina. Safnið ber ábyrgð á varðveizlu Alþýðulistar Íslands eins og hún birtist í safnkosti, og með þeim hætti sem lög ná yfir og samningar segja til um, gerðir að eigin frumkvæði eða annarra. Safnið annast fjölbreytt listastarf og er með samlegðaráhrifum 1 af þremur mikilvægustu listasöfnum þjóðarinnar. Sú staðreynd er reist á bjargföstum vilja og markvissri skipulagðri landssöfnun hugsjónafólks sem horfði uggandi til þess að alþýðlist þjóðarinnar glataðist og hefði tvímælalaust gert það ef þeirra hefði ekki notið við. Viðbrögð m.a. erlendra safnstjóra hafa verið:

Bylting í safnrekstri, nýstárleg hugsun í sýningarstjórn, ferskur andblær, stórkostleg útsýn, snilldarbyggingar, heillandi fagurfræðilegt samspil heimilis, safns og garðs

Safnið er í stöðugri endurskoðun og sjálfsgagnrýni og tekur því á sig skarpari mynd með hverju árinu sem líður. Hlutverk þess verður æ víðfeðmara og sú hugsun er ríkjandi að það eigi að höfða til barnsins í manningum jafnt sem barnanna sjálfra, efla í leik og starfi þau gildi sem ráða við sköpun listar, hreina sýn, sjálfspottna framsetningu, móttækileik, undrun, kímni, saklausa frásögn og tjáningu. Safnið vill opna augu fólks fyrir fegurð mismunandi hluta og minninga, samhljómi persónulegrar iðju og fjöldaframleiðslu en ekki síst þeirri miklu ábyrgð sem það axlar með varðveislu stórkostlegra menningarverðmæta – og rís undir þeim þunga. Vonandi verður þess ekki langt að bíða að Safnasafnið hljóti þá stöðu að það geti með reisu sinni forvörzlu, rannsóknum, skrifum og útgáfum, sýningum, kynningum, fræðslu og annarri miðlun [sjá nánar í *Skipulagsskrá Safnasafnsins*]

Alþýðulist Íslands

Safnið leitar til þeirra sem hafa upplýsingar um list alþýdulistarfólks, það hefur mýmörg nöfn á skrá en vill safna fleirum. Mikilvægt er að fólk hafi samband, enda ætti það að vera metnaðarmál hvers byggðarlags að skapandi íbúar þess njóti sannmælis og séu kynntir á sama hátt og aðrir. Þá er minnt á þá staðreynd að margir hæfileikamenn vinna verk sín utan vébanda stofnana og félagsstarfs og væri mikill fengur að fréttu af þeim: í næsta húsi, næstu götu, næsta hverfi og næstu sveit, í tiltekinni fjarlægð. Til þess að varpa ljósi á viðfangsefnið eru birt hér nokkur atriði sem áhugasamir geta haft í huga [sjá kafla 03] Alþýdulistarverk er oftast nær verk sem er búið til af fólki með litla sem enga menntun í myndlist og álitur sig sjaldnast vera listafólk. Verkið er lýsing á liðinni tíð, vinnubrögðum til lands og sjávar, persónulegum högum og fjölskyldulífi, ferðalögum og landslagi, fjallar um örnefni, goðsagnaminni, þjóðlegan fróðleik, sýnir, drauma og væntingar Alþýdulistarverk er einnig sprottið úr sálarfylgsnum höfundar síns, tjáning á hugarástandi, geðsveifla, viðbragð við áreiti og einelti, einnig verk hins þroskahefta, einmana, sjúka og aldna, þess sem er afskiptur eða haldið föngnum. Það getur verið hróp á hjálp, yfirlýsing eða skilaboð, uppreisn, hefnd, gagnrýni, leyndarmál, jafnvel sjálfsmeðferð: lausn úr kreppu eða óskilgreindu vitundar- og orsakasamhengi Alþýdulistarverk er undantekningarlítið búið til án uppskriftar eða fyrirmyndar, nema það sé gert í e.k. umbreyttu formi sem getur verið tilbrigði við stef eða atburð, efni á ljósmynd með tilfinningalegt gildi Alþýdulistarverk ber oftast með sér barnslegan blæ, unnið falslaust, í einlægni, út frá hjartalagi og góðum vilja Alþýdulistarverk er gjarnan gert af vanefnum, jafnvel í miklum flýti, er ef til vill fátæklegt og óvandað, ómerkilegt í augum margra skoðenda en veitir samt markverða innsýn í persónuleik höfundar, og er í reynd endurspeglun hans eða hliðarsjálfs Alþýdulistarverk er víða búið til úr náttúrulegum efnum, hirtum í fjöru og á fjalli, eða af götu, en einnig úr rusli og afgangnum; á stofnunum og í félagsstarfi er þó vandaðra efni í boði og fleiri gerðir til að skapa úr Alþýdulistarverk greinast í marga þætti og skarast við aðra myndlist, þau eiga sér rætur hjá steinaldarmönnum og birtast stundum í nútímanum sem n.k. aukabúgrein eða áhrifavaldur hjá skólalærðum ungum myndlistarmönnum, oft án þess að þeir geri sér grein fyrir því sjálfir!

Hringferill myndlistar, 16 þátta greiningarkerfi

Safnið tók frumkvæði í söfnun listaverka með því að koma sér upp sérhönnuðu kerfi til að nota við val á listaverkum yfirleitt og tölvuskráningu þeirra; þá hefur það reynt afar vel til að skýra verk fyrir höfundum verka og gestum safnsins. Til þess að auðvelda virkni þessa kerfis er það sett fram hér klippt og skorið, án flókinna útskýringa

Frumleiki

Hrein og tær hugmynd sem stendur ein án stuðnings, þróast ekki en útvatnast ef reynt er að fylgja henni eftir í tilbrigðaformi. Þeir örfáu listamenn sem sífellt birta frumlegar hugmyndir og ný sjónarhorn njóta yfirleitt ekki mikillar athygli, hvorki markaðar né safna, eru taldir skorta nauðsynlega staðfestu og einkennandi stíl, en eru í raun sívirkir, ferskir og leitandi og búa til áhrifaríka myndlist. Þessir listamenn eru djarfhuga frumkvöðlar og leggja línurnar fyrir aðra

Könnun

Hugmynd er tekin til rannsóknar, unnin af nákvæmni, sett fram með skilgreindar aðstæður í huga og leidd að rökréttri niðurstöðu. Úrvinnslan gerir kröfur um óþvingaðan einfaldleik við efnisnotkun, fagmennsku og gæði – og að niðurstaðan verði óviðjafnanlegt listaverk

Aðdáun

Myndmálið er afleitt eða þrautpínt út frá hugmynd annars myndlistarmanns, afrit verka hans. Sporgöngumaður reynir þó að skapa sér sérstakt stílbrigði en gefst upp og snýr sér að annarri fyrirmynd til að herma eftir. Hann virðist ekki geta sótt sér áhrif svo að verkin fái persónulegan blæ því þau standa ætíð í skugga fyrirmyndarinnar sem útvötnuð eftiröpun

Vani

Listræn tjáning, varla list. Höfundurinn er sefjaður í sjálfsmæð og stöðugri hrifni annarra. Þetta eru endurtekin form, glannalegir litir og flottheit, en svo flaumósa myndgerð á yfirleitt

greiðan aðgang að áhrifagjörnum kaupendum sem líta fremur til vinsælda en gæða. Hún er vel sýnileg í verslunum og stórmörkuðum, markaðssett af útsjónarsemi eins og hver önnur vara. En það vantar í hana hugkvæmni og ferskleik, merg og blóð, og tilfinningadýpt eins og í

Skreyti

Föndur

Annars vegar ósjálfstæð myndgerð, máluð eða saumuð eftir númerum eða steyppt í fjöldaframleidd mót. Rammar skipta miklu í þessari máttlausu fjöldaframleiðslu, vandað handverk, umbúðir og skreytingar Hins vegar myndgerð sem sprettur fram úr einkalífi eða áhugamáli, sem fær hugþekkan blæ og sjálfstætt yfirbragð vegna frávika í teikningu og litanotkun og fetar sig á þeirri brothættu línu sem aðskilur list frá fúski, þokast yfir í Frásögn

Listlíki

Formgliðnun eða samþjöppun tákna, aragrúi smáatriða, ofhlæði og úrkynjun, þannig að handverkið ber innihaldið ofurliði. Verkið hrindir fólki frá sér, drukknar í hryggðarskopi. Listlíki getur þó líka verið hvati fyrir menn að breyta til, að nota það sem fyrirmynd að nýju listaverki, stækkað, skrumskælt og upphafið, eða beita brögðum þannig að það fái ferskan hljóm og falli að ríkjandi andrúmslofti. Sjá nánar í Stemmingu

Þjóðrækni

Rómantísk sýn á land og þjóð, persónuleg nálgun, kærleikur og virðing. Mikilvæg gildi eru í brennipunkti, afturhvarf til æsku og dýrmætra minninga sem vekja ljúfar kenndir. Þessi tilfinningaríka aðkoma birtist í kvöldstemmum, dalalæðu, mistri til fjalla: afmarkaðri myndsyn, nálægð við landið, yfirborð þess og smáatriði, og órjúfanlegri tryggð við heimahagana

Skreyti

Myndgerð sem lýsir gleði og hamingju með hvarflandi formum sem ganga hvert inn í annað, fjörmiklum tákngervingum og mikilli litadýrð. Hún er hraðvirk og grípandi, liggur upp við yfirborðið en nær sjaldan tilfinningalegri dýpt eða þeirri nánd sem ítrekuð skoðun kallar eftir

Sakleysi

Einföld myndgerð, sjálfsprottin og hispurlaus, gerð án utanaðkomandi áhrifa, endurtekin með litlum tilbrigðum og fáum litum, oft í stórum flokkum þar sem öll verkin eru keimlík og spegla persónu höfundarins, en aldrei samfélag og umhverfi hans [yfirléitt eru þetta standmyndir]

Rétt er að undirstrika að teikningar barna eru af öðru tæi því að þau staðsetja sig í myndheimi og hafa næstum því líkamlega nánd. Þau segja sögur, lýsa reynslu, fela eitt eða ota öðru fram eftir hentugleikum, og þess vegna geta verk þeirra gagnast vel í listmeðferð til að leita orsaka, annmarka og þjáningar

Íhald

Fylgispekt við hefðir, skipulag og tákngildi í kyrrstæðum samfélögum sem gera mun á því hvar einstaklingur stendur innan ættflokks, almúga eða hirðar. Oftast eru þessi verkin bundin trúarathöfnum, kynferðismálum, manndómsvígslum, veiðum, ferðalögum, minningum, lækningum, töfrum og launhelgum. Myndgerðin [þ.e. primitive] hafði gríðarmikil áhrif í alþjóðlegri gerjun myndlistarinnar í byrjun 20. aldar, en skekkti um leið nokkuð sýn manna á gildi hennar innan hugmyndaheims og umhverfis sem mótaði hana og þróaði í rás aldanna. Í nútíma örlar enn á staðlaðri myndgerð meðal hópa sem hafa tilhneigingu til að þjappa sér saman, svo sem ípróttafélaga og einkaklúbba karla og kvenna, með táknum, merkjum, fánum og minjagripum til að viðhalda samruna og einingu, trúmennsku, staðfestu og völdum en útilokar þá sem eru ekki eftirsóknarverðir af einhverjum ástæðum, eru óæðri, óæskilegir, jafnvel fjandsamlegir

Frásögn

Myndir sem varðveita andblæ liðinna tíma, lýsa verklagi og atvinnuháttum, taka fyrir sögur og minni, örnefni, dal, fjall, goðafræði, ævintýri, leiki og ferðalög, eða yfirnáttúruleg fyrirbæri, oft með nákvæmum útskýringum. Viðburðir úr æsku eru sagðir á sjálfsagðan hátt, eins og fréttir

Þá má nefna þau vinnubrögð frásagnarfólks að nota náttúruform í verk sín, ýmsa afganga og endurvinnanlega hluti, jafnvel af slíkri einbeittni að jaðrar við þráhyggju umhverfisverndarfólks

Viðbragð

Myndir sem eru unnar sem andsvar við leiðindum og stöðnun, áreiti, einelti, afbrýði, ástleysi

og höfnun, ofbeldi, einangrun, fangelsun, svikum, starfsuppsögn, meiðslum, veikindum, missi. Þá er annars vegar um að ræða myndir sem flytja beinskeytt skilaboð með blygðunarlausum framslætti og ruddaskap, jafnvel líkamlegu niðurbroti, klámi og trúarofstæki; þær eru óþægilegar og fráhrindandi fyrir nærveru augans. Hins vegar eru myndirnar innhverfar og blíðar, fara yfir þröskuld raunveruleikans og stefna inn á við þar sem hlutirnir eru afstæðir og sérgerðir og kúra í friði. Það sem áður útilokaði viðkomandi mann frá eðlilegri þátttöku, tákngerist smám saman í vörn utan um sársauka og einmanaleik, hann afneitar því sem hrjáir hann og reynir að setta sig við orðinn hlut, hann felur, upptendrar og feugar, eða gleymir og fyrirgefur. Þessar myndir eru undantekningarlítið fagar og aðlaðandi, hjartnæmar og blíðar, jafnvel mannbætandi ef samþykki er fyrir því.

Sýnir

Annars vegar er um að ræða myndgerð sem framkallast af neyslu vímuefna þar sem óraunveruverulegir atburðir brjótast fram stjórnlaust, með sprengikrafti og miklum látum. Formin eru sveigjanleg, afbökud, litadýrðin sjúkleg. Þetta eru uppskurðir á sál og líkama, endurlausn og alsæla, eða hyldýpi martraðarinnar. Framsetningin er ekki í tengslum við raunveruleikann heldur ósjálfráð framrás undirmeðvitundarinnar sem “höfundurinn” hefur enga stjórn á. Hins vegar er um að ræða myndgerð sem verður til vegna bágrar geðheilsu eða langvinnrar lyfjameðferðar, nema hvort tveggja sé. Menn grípa í nærtæk hálmstrá, eru í nánú sambandi við fljúgandi furðuhluti og guðlegar verur, telja sig hafa mikilvægu hlutverki að gegna og trúa að þau skilaboð sem þeim berast með ofurnæmri sýn, heyrn eða skynjun hafi úrslitabýðingu fyrir þá persónulega, nærheim, fjarheim, jafnvel alheim.

Stemming

Hleypidómaleysi, kærulaust viðhorf gagnvart lærdómi, höfnun á viðteknum sannindum, umsnúningur í listhegðun. List í þessum flokki er vaxtarbroddur í þróun nýrrar tjáningar, logar af skrytnum uppátækjum, elskulegri kímni, barnslegri ádeilu og stríðni. Stundum er hún gelgjuleg en umfram allt heiðarleg. Athyglisvert er að skoða hvernig höfundar þessarar myndgerðar sækja í listlíki eða ígildi þess, notfæra sér möguleika upplausnar, formleysis og ofhlæðis, tengja þá ómótudum geðhrifum og hugdettum innan laustengdra hópa – sama árgangs í skóla?

Ýkjur

Gagnrýnin afstaða, pólitískar öfgar, þvermóðska, listfræðilegur framsláttur er notaður til þess að hneyksla og kalla fram viðtæk viðbrögð, t.d. með athöfnum eða gjörningum sem jafna við sjálfspíningu, stundum innilokun og andþrengslu í hreyfingarleysi svo áhorfendum blöskrar.

Speki

Gervivísindi með sýndarrökum, hjáfræði og sérvisku. Listamaðurinn vitnar í eigin rannsóknir með miklu streymi upplýsinga og smáatriða sem rugla skoðandann í ríminu, nema hann hafi lagt á sig nokkurt erfiði til að skilja frumhugsunina og sé innvígður í hugmyndakerfið. Myndgerðin er yfirleitt falleg og grípandi, og ef skoðandinn nýtur hennar frjálts og óþjakaður af inntakinu og kerfinu sem býr að baki, verður hann undireins aðdáandi viðkomandi listamanns. Ef ekki, þá setur hann þessa myndgerð á stall með hindurvitnum.

04

Jafnréttismál

Safnið vinnur samkvæmt jafnréttisstefnu um kynjahlutfall á sýningum og kynningum, sem felur í sér að fólki með Alzheimer og Parkinson, misþroska einstaklingum og fötludum til líkama og sálar, er boðið að verk þess séu tekin til sýningar. Safnið heldur áfram samstarfi við Sólheima, sjálfbært samfélag, Hæfingarstöðina og Huglist á Akureyri, Fjölmennt í Reykjavík og aðra þá aðila sem vilja samstarfa á þessu sviði og hafa eitthvað markvert fram að færa.

05

Samstarf innanlands

Safnið íhugar að kynna sér alþýðulist í félagsstarfi nýbúa, einnig fanga, öryrkja og aldraðra, og taka saman skrá yfir hæfileikafólk þar og sýnir verk þeirra ef ástæða þykir til, eftir hvert fyrir sig eða á samsýningum. Safnið nú í samstarfi við skapandi einstaklinga, söfn, listhús og skóla.

06

Söfnunarstefna

Safnið safnar verkum eftir alþýðulistarmenn, “*uppfinningamenn*”, hagleiksmenn, einfara og þá lærðu listamenn sem hverju sinni vinna undir áhrifum frá verkum ofangreindra manna, hafa varðveitt sakleysi og sjálfsprottna tjáningu Safnið viðar að sér smágerðum búshlutum, hagleiksverkum, leikföngum, listiðnaði, líkönum og ljósmyndum, minjagripum, uppfinningum og tækjum, og öðru því efni sem orðið gæti til nýbreytni í sýningum og varpað ljósi á fortíð og líðandi stund, eða tengt saman ólíkar áherslur Safnið íhugar gaumgæfilega að taka til varðveizlu verk sem eru á mörkum þess að geta talist til listar. Það hefur að leiðarljósi þá staðreynd að virðismat safnamanna er ekki óskeikult; það sem einum finnst frábært eða ómögulegt í dag, finnst öðrum þveröfugt löngu síðar. Þessi verk geta skipt sköpum þegar fram líða stundir, auðgað safnkostinn og vakið hrifningu sýningargesta Safnið leitar eftir munum og heimildum er tengjast viðfangsefnum og hugmyndum, lífsstarfi og minningum ofangreindra manna sérilagi ef þetta efni getur varpað skýrara ljósi á feril þeirra Safnið leitar eftir listaverkum úr öllum landsfjórðungum, eldri eintökum ef hægt er, en fyrst og síðast verkum sem búin voru til á öndverðri 20. öld og til dagsins í dag og lýsa því sem gerist í íslensku þjóðlífi eða tengjast þeim fjölmörgu og mismundandi þáttum sem lýst er í *Hringferli*

07

Móttaka og varðveizla listaverka, annarra gripa, ljósmynda og heimilda

A

Tekið er við listaverkum, öðrum gripum og heimildum í máli og myndum eftir ákveðnum reglum til þess að styðja við formlega afhendingu til eignar og varðveizlu; þetta er til mikils hagræðis fyrir safnið ef það þarf að hafna gjöf, og mildar viðkomandi; einnig er það gert skv. alþjóðasamningum sem tryggja hagsmuni beggja aðila. Í gjafabréfum og varðveizlusamningum er vísað í Skipulagsskrá safnsins, Höfundalög og Myndstef sem byggja á slíkum samningum

B

Safnið leggur mat á listaverk o.fl. fyrir undirskrift gjafabréfa og varðveizlusamninga og kannar hvort þau falla að safneign. Skjalfest eigendasaga fylgi, ef við á, og ákveðinn ferill sem má rekja til fyrri sýninga eða sérkynninga, og er þetta gert til að safnið taki ekki við fölsuðuðum verkum

C

Safnið tekur á móti heildstæðum gjöfum sem eru unnar upp úr heimildum, reistar á þar til bærum leyfum, yfirlegu og frumrannsóknunum, þ.e.a.s. ef þær snerta aðalviðfangsefni safnsins, íslenska alþýðulist. Nauðsynlegt er að ítarefni fylgi með, t.d. tölvugögn, útgáfur, ljósmyndir og krækjur í netgreinar, enda þarfnast gjöfin ítarlegrar skoðunar svo hún verði síðar eftirsóknarverð birtingarmynd með nýrri áherslu, á sýningum, sérkynningum, í skólafræðslu og leiðsögn

D

Safnið þiggur einfaldar leiðbeiningar og útskýringar með gjöfum en hafnar hvers konar skilyrðum eða eftirliti, enda er litið svo á að slíkt geti hamlað varðveislu, skráningu, rannsóknunum, fræðslu, sýningargerð, útgáfum og umfjöllun í framtíðinni

E

Safnið fer með öll listaverk, gripa, ljósmyndir, heimildir eða verk sem eru byggð á heimildum, skv. Skipulagsskrá, Safnalögum og Höfundalögum, lögum um Persónuvernd og Upplýsingalögum, sem og áherslum í mótun og þróun innan safnsins sem taka jafnt mið af hefðum og góðum siðum, sem og lögum og reglugerðum sem fylgja nýrri tækni

F

Safninu er bæði skylt og ljúft að fara með Gjafabréf og Varðveizlusamninga á þannig að báðir aðilar séu sæmdir af; um nánari útfærslu fer eins og segir hér að ofan og menn koma sér saman um að sé heppileg og sanngjörn þegar til framtíðar er litið

08

Forvarzla, varðveizla

Safnið er með fyrirbyggjandi og styrkjandi forvörzlu. Það varðveitir verk sín í stálskúffum, palsthirlum, glerskápum og sýrufríum öskjum. Gert er við stór þrívíð útverk eftir þörfum, er

breitt yfir annað þeirra á vetrum, hitt er leiðarljós ferðalanga! Leitað verður álitis sérfræðinga þar til forvörður verður ráðinn til starfa í safninu [sem stefnir í að verði fljótlega]

09

Ágrip af áætlun um fyrirbyggjandi forvörzlu 2014-2017

A

Skóða, meta, mæla, ljósmynda, flokka og raða í sýrufriar öskjur, merkja, forskrá upplýsingar fyrir Sarp; Um 4.820 listaverk eru í safninu 13.11.2013: Blýantsteikningar, bókverk, dvd, fjölfeldi, hekl, hentur [ready made], hljóðgjafar, hönnun, innsetning [160 einingar], glerjað sem óglerjað keramik, klipp, krítarmyndir, lágmyndir, ljósmyndir, málverk, mósaík, myndbönd, prjón, skart, skúlpútur úr ýmsum efnum, tálguverk, tússverk, tölvuprent, útsaumur, útskurður og útsögun, vatnslitamyndir, postulínsverk, vefnaður og þrykk með ýmsum aðferðum Safnasafnið hafði ljósmyndað og forskráð 1.810 verk í Virtual Collection [38,2%] þegar safnaráð mótaði þá stefnu að listasöfn tækju upp forritið Sarp til þess skapa breiðan vettvang til miðlunar á upplýsingum til fagfólks og alþýðu. Er stefnt að því að taka upp það forrit um leið og framlag fæst til þess að ráða fagmann til starfsins

B

Innrömmun á 2.103 pappírsmýndum, flestar þarf að setja á tilskorinn sýrufrián papa, og búa síðan um í möppum: Ingvar Ellert Óskarsson, Reykjavík [=716] – skýring: stór hluti listaverkanna er varðvettur skv. sérstökum varðveislusamningi til 2017 en þá fær Safnasafnið þau til eignar og umsýslu Bjarni Þór Þorvaldsson [50], Friðrik Hansen [4], Gunnþór Guðmundsson [15], Haraldur Sigurðsson Snæland [7], Hrefna Sigurðardóttir [73], Hulda Vilhjálmisdóttir [7], indverskar teikningar [11], Pieter Holstein, Amsterdam [24], Rúna Þorkelsdóttir, Amsterdam [33], Sigríður Rut Hjaltadóttir [7], Svava Skúladóttir [41], Helga Dómhildur Alfreðsdóttir [6], Ýmsir [22] [=301] Myndir af Ragnari Kjartanssyni [1923-1988], myndhöggvara, Reykjavík, 1946-1992 [=43] Höfundar: Acke, Ásgeir Bragason, Bjarni Þór Bragason, Bragi Ásgeirsson, Daði Guðbjörnsson, Dieter Roth, Edda Jónsdóttir, Edwin Áge-Nielsen, Frosti Arnarsson, Grímur Marínó Steindórsson, Gylfi Gíslason, Haukur Dór Sturluson, Hringur Jóhannesson, Ívar Valgarðsson, Jensen, Jón Gunnar Árnason, Jón Óskar skáld, Kristinn G. Hrafnsson, Kristín Eyfells, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Kristján Davíðsson, Magnús Pálsson, Morris R. Spiwek, Niels Hafstein, Ragnhildur Stefánsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurjón Jóhannsson, Sverrir Haraldsson, Þórdís Alda Sigurðardóttir, sjálfsmýnd RK. Þessi verk hafa verið sýnd í þriggja, annað hvort undir lausum glerjum með vinkilskrúfum eða í glerborðum Guðmundur Sveinbjörn Másson, Bjargi á Seltjarnarnesi [=140]; fjórar gerðir myndverka Ása Ketilsdóttir [100 teikningar á 27 kartonum [hver teikning þarf að vera á sýrufriú kartoni]

10

Ljósmyndun og tölvuskráning

Safnið ljósmyndar verk sín með tvennum hætti, a.v. með lágrri upplausn í skráningarkerfi, h.v. þannig að dugi til prentunar. Skráning í Virtual Collection hefur legið niðri um nokkurt skeið, a.v. vegna fjárskorts og manneklu, h.v. vegar vegna þess að það lá í loftinu að æskilegt væri að söfnin skráðu verk sín og gripi í Sarpi. Um leið og fjármagn fæst verður hafist handa við að skrá listaverk safnsins í þennan gagnagrunn og afrita það helsta úr Virtual Collection

11

Sýningarstefna

Safnið stefnir að því að birta á vefsíðu sinni grein um íslenska alþýðulist og myndskreytta skrá um höfunda verkanna þegar samningar hafa tekist um myndbirtingu skv. Höfundalögum Safnið kynnir á vefsíðu sinni þá alþýðulistarmenn sem samningar nást um hjá erfingjum þeirra og tilsjónarmönnum varðveislusamninga. Í upphafi verður reynt að taka til kynningar listamenn sem safnið á flest verk eftir, en síðar þá sem safnið á færri verk eftir og blanda þá saman í heild verkum sem gefa vissar vísbendingar, hafa svipað innihald, búnar til með líkri tækni Safnið heldur áfram tilraunum með formsýn, sem og byltingarkennda framsetningu á nytjahlutum og gripum svo þeir myndi órofa listheild, enda er það í anda þeirra tilrauna með framsetningu sem eru kynntar í *Nýmælum* Safnið býr til litlar sýningar og dagskrár sem hægt

er að fara með í grunnskóla og stofnanir Safnið er vakandi fyrir frumlegum viðhorfum og efnir til sýninga og viðburða sem eru í lifandi tengslum við menningu Þjóðarinnar, ekki síst í samstarfi við nemendur leik- og grunnskóla sveitarfélagsins, og fleiri skóla sem þess óska Safnið hefur í heiðri jafnrétti kynjanna í sýningum sínum Safnið efnir til sýninga á verkum eftir fatlaða listamenn, hvort heldur sem þeir glíma við einhverfu, misþroska, hughvörf, geðtruflanir og alvarlega líkamlega sjúkdóma, eða eru illfærir um að tjá sig að öðru leyti Safnið fær til samstarfs lærða listamenn, kunna sem ókunna, ef þeir búa til verk sem eru á mörkum alþýðulistar, ýmist vegna beinna áhrifa eða upplags sem hefur lifað af strangan námsferil heima og erlendis Safnið efnir til sýninga sem byggjast á rannsóknum á listsköpun í jöðrum samfélagsins, hjá sérvitringum, einförum og fiklum, eða öðrum þeim sem lífið hefur leikið grátt og eiga sér varla viðreisnar von, nema í gegnum skapandi túlkun og tjáningu, ekki síst í hugmyndaríku samstarfi sem þjálfaðir sýningarstjórar geta boðið þeim Safnið efnir til sýninga á safnkosti sem vekur upp spurningar eða orka sem frumlegt innlegg og er stöðugt vakandi fyrir nýjum möguleikum í samslætti hugmynda og hluta sem gætu farið vel á sýningum. Það brýtur sífellt upp hefðir og mynstur með ögrandi framslætti sem fær gesti til að undrast og hrífast, og hvetur þá til að koma aftur og aftur í heimsókn, ekki síst útlendinga

12

Nýmæli

Safnið vinnur í anda sýningarstefnu og annarra markmiða þannig að með stuttu millibili eru kynntar frumlegar eða eftirtektarverðar nýjungar sem skipta máli í starfseminni, auka fjölbreytni hennar, laða að sér áhugasama gesti og örva hugmyndaflug þeirra. Tekin var saman skrá yfir atriðin [eitt á ári að meðaltali] til að kynna framsækni safnsins og eftirtektarverða hluti

1998

Fyrsta sýning Safnasafnsins í Þinghúsinu hét *1. maí*, innsetning sem fjallaði um starf ungrar stúlku á sjúkrahúsi á miðri síðustu öld og var líf hennar tengt saman með tækjabúnaði stofnunarinnar, bréfi og einkamunum. Var þetta í fyrsta skipti í sögu myndlistar á Íslandi, og þó víðar væri leitað, þar sem almennir safnmunir voru settir í svo einkanlegt samhengi og gaf tóninn út í lista- og safnalífið, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu. Hugmyndirnar eru þróaðar áfram

1998

Litlar sýningar í öðrum stærri, 2-3 sýningar í sama rými, stóru og litlu. Þessi nýstárlega hugmyndafræði ögrar viðteknum venjum því blandað er saman nútímalist, alþýðulist, vöruhönnun, handverki, leikföngum, minnum og persónulegum munum. Gefnar eru vísbendingar um skilvirkni ólíkra hluta og hvernig hægt er að skapa litla menningarkima, smáheima listarinnar, og slá upp veislu fyrir augað þar sem einn hlutur vísar á annan, jafnvel fjarstaddan!

1998

Í fyrsta skipti í sögu listasafna er *bókasafn* staðsett í miðjum sýningarsal og gegnir afdráttarlausu miðlunarhlutverki. Þetta trix fellur gestum safnsins afar vel í geð og þeir nýta kostinn vel

1999

Barna- og unglíngastarf Safnasafnsins hófst með samstarfi við Valsárskóla á Svalbarðseyri þegar ákveðið var að bjóða nemendum að vinna verk til sýningar á vegum safnsins, fyrst í garðinum norðan Valsár en síðar inni, og frá 2007 hefur Leikskólinn Álfaborg tekið þátt í starfseminni. Grenivíkurskóli, Raufarhafnarskóli, Hrafnagilsskóli í Eyjafjarðarsveit og Myndlistarskólinn á Akureyri hafa einnig átt verk á sýningum safnsins. Fleiri samstarfsverkefni er í bígerð

2001

Samin og birt tilgátan *Hringferill myndlistar, 16 þátta greiningarkerfi*, sem skilgreinir alla þætti myndlistar og setur í rökrétt samhengi. Kerfið er stuttort, einfalt og auðlært. Það er notað við tölvuskráningu listaverka og í leiðsögn til að skerpa sýn gesta á leiðir að sameiginlegu markmiði þeirra hæfileikamanna sem tjá sig í listum. Kerfið er hið eina sinnar tegundar svo vitað sé

2002

Hugmyndasmíðja æskunnar var í upphafi hugsuð sem samstarfsverkefni fyrir börn og unglínga, byggð á hlutum í leikfangasafni, ásamt sérverkefnum og umræðum, þrautum, sjónhverfingum og leikföngum en þróaðist smám saman í **Bláa boxið**, en upp úr því er tínt til sýnis í móttöku safnsins flesta daga til að skemmta gestum og fræða þá, og vekur ætíð mikla hrifningu

2004

Skrá yfir **Umfjöllunarefni** sem söfnum er frjálst að nota til að bæta reksturinn og hafa til hliðsjónar í starfsemi sinni. Það hefur reynst vel og er sjálfsgæður gátlisti í hugmyndaflæði safnsins

2006

Við hönnun nýbyggingarinnar var ákveðið að hafa **ofna inni í veggjum** í Norðursölum til þess að þeir trufla ekki upphengi sýninga. Loftstreymið fer inn um síur niðri við gólf og veggirnir eru hafðir opnir að ofan; með þessu móti er jafn og góður hiti í söulunum

2007

Anna Líndal, Bjarki Bragason og Hildigunnur Birgisdóttir þáðu boð safnsins um samstarf á Listahátíð í Reykjavík árið eftir. **Þau fengu frjálsan aðgang að verkum og heimildum til að styðja við hugmyndafræði sína**. Jafnframt kynntu þau sér náttúrulegt nærumhverfi og unnu glæsilega sýningu sem vakti mikla eftirtekt gesta. Aðrir listamenn hafa síðar nýtt sér safnkostinn

2007

Bókastofa safnsins var flutt yfir á aðra hæð í miðju nýbyggingarinnar þar sem allar leiðir mætast, gestir þurfa því ekki að spyrja til vegar til að fræðast og afla upplýsinga

2008

Jóhannes Sveinsson Kjarval hefur verið talinn einn af frumkvöðlum íslenskrar myndlistar, en í viðtali við Hugin Þór Arason í tímaritinu Sjónauka sýndi NH fram á það með vísan í **Hringferil myndlistar** að Kjarval var það ekki [www.safnasafnið.is > Safnið > Var Kjarval alþýðulistarmaður]

2008

Safnið fékk félagsmenn í **Huglist** [síðar **Geðlist**] til þess að búa til Safnvörð, 6 metra háan skúlptúr sem stendur syðst á bílastæðinu; listafólkið glímur við geðsjúkdóma og hafði samvinnuverkið mikil áhrif til bata. Þá gerði sami hópur annað verk fyrir safnið 2008, þakti gamlan bíl með gervigrasi og gátu gestir safnsins og vegfarendur lyft upp torfu til að skoða leikföng sem lágu fyrir innan. Safnvörðurinn vekur óskipta athygli og er ljósmyndaður af ferðafólki o.fl. næstum því alla daga ársins, líklega eitt þekktasta kennileiti landsins ásamt náttúrperlum þess

2009

Skapað úr safnkosti, þ.e.a.s. hlutum sem hafa borist safninu án gjafabréfa eða verið keyptir til að fylla upp í eyður. Fyrsta skrefið var að búa til um 70 karla og kerlingar úr eldspýnatokkum

2009

Lista- og fræðimannsíbúð var tekin í notkun, sú eina í safni á Íslandi, innréttuð í gömlum stíl í risi Kaupfélags Svalbarðseyrar, reist 1900, flutt 2006. Íbúðin er 67 m², leigð utan annatíma með afnot af sal til að vinna við pappírsværk, texta, hugmyndir og heimildir en á sumrin er hún leigð innlendum og erlendum ferðamönnum

2009

Listveisla 1 er fjölfeldi á verkum 23ja myndlistarmanna, gefið út í 26 eintökum, og er hirslan utan um verkin einnig listgripur; þátttakendur eru: Aðalheiður Eysteinsdóttir, Andrea Maack, Anna Hallin, Anna Líndal, Arna Valsdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Elsa Dóróthea Gísladóttir, Erla Þórarinsdóttir, Guðbjörg Ringsted, Gjörningaklúbburinn, Harpa Björnsdóttir [hirslla], Hekla Dögg Jónsdóttir, Hildigunnur Birgisdóttir, Magnhildur Sigurðardóttir [gestgjafi], Olga Bergmann, Ólöf Nordal, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Ragnhildur Stefánsdóttir, Rúrí, Sigríður Ágústsdóttir, Þórdís Alda Sigurðardóttir, Þórunn Elisabet Sveinsdóttir [3 litir á hirslu voru í boði, blár, gulur og rauður, safnið á 3 hirslur, eina í hverjum lit]

2010

Dvöl gegn dagsverki auðveldar lista- og fræðafólki að taka Lista- og fræðimannsíbúðina á leigu utan annatíma gegn einhvers konar framlagi sem getur verið: Aðstoð við uppsetningu sýninga, ljósmyndun, flutningur á listaverkum, leiðbeiningar um forvörslu, fyrirlestrar, hreingerning, húsvarsla í fjarveru stofnenda, markaðssetning, málun sýningarsala, móttaka gesta, prófarkarlestur, þýðingar, tölvuvinna, viðhald [*Umfjöllunarefni*]

2011

Nature, Art and Leisure, Out of the beaten track, er ferð sem safnið setti saman til að þjónusta skemmtiskipin og geymir þar til tækifæri gefst að hrinda henni í framkvæmd, en til þess þyrfti safnið að eiga litla en öflugna rútu. Í ferðinni munu farþegar heimsækja þrjá staði, njóta frumlegra matarrétta í sérhönnuðum umbúðum, furðusagna og skemmtitækjasýningar

2012

Í tilefni af *100 ára afmæli Gróðurreitans* norðan Valsár fékk safnið Elsu Dórotheu Gísladóttur myndlistarmann til að efna til sýningar í samstarfi við íbúa sveitarinnar, kvenfélagið, ungmennafélagið og báða skólana. Allir máttu búa til verk á sýninguna og var farið í skrudgöngu frá skólunum til safnsins. Umgjörðin um listaverkin var gróður í ýmsu myndum, sjaldgæfar lækningajurtir og risavaxnir sveppir. Að lokum var haldin hlutavelta í safninu á verkunum og fénu varið til að kaupa og gróðursetja ávaxtatré á þremur stöðum í Gróðurreitnum; því verður haldið áfram eftir því sem tók eru á og áhugi endist meðal íbúanna [við umhirda trjáa]

2013

Sýning á www.safnasafnid.is á 144 krítar-, túss-, krítar og vatnslitamyndum eftir Ingvar Ellert Óskarsson, unnin með samþykki Guðmundar Vignis Óskarssonar, höfundarréttarhafa og umsjónarmanns með varðveizlusamningi, og Ingu Dóru Guðmundsdóttur, ljósmyndara

2014

Að teikna og móta tré er samstarfsverkefni safnsins við Valsárskóla á Svalbarðseyri, en í því felst að verk nemenda verða metin skv. Art Therapy, þ.e. út frá inntaki og framsetningu, t.d. hvort tré ber ávöxt, hvernig rötarkerfi þess er. Má ef til vill álykta sem svo að tré sem stendur eitt sér, hefur stuttar rætur og ber ekki ávöxt, sé verk barns sem býr við aðstæður sem þarf að kanna nánar, og jafnvel að foreldrar og skóli þurfi að grípa til einhverra aðgerða?

13

Fræðsla

Safnið birtir á vefsíðu sinni sundurliðaða skrá yfir atriði sem það býður til fræðslu handa leik-, grunn- og framhaldsskólum, og leiðsögn og kynningar fyrir almenna gesti, sem og sérhópa sem hafa pantað með góðum fyrirvara. Einnig er boðið upp á sérfræðilega miðlun hugtakanotkunar

14

Rannsóknarmarkmið

Safnið leitar eftir aðgangi að gagnagrunnum í Landsbókasafni og Árnastofnun um teikningar í handritum sem það getur notað við undirbúning ritraðar um alþýðulist frá upphafi handritagerðar á Íslandi til samtíma. Þá leitar safnið eftir áframhaldandi og nánara samstarfi við Þjóðminjasafnið um rannsóknir og útgáfur á verkum alþýðulistarmanna fyrri alda Safnið býður sérfræðingum og alþýðlegum fræðimönnum aðstöðu í lista- og fræðimannsíbúð sinni til þess að kanna tengsl og þróun gamalla handritamynda og alþýðulistar líðandi stundar, einnig til skilgreindra rannsókna á söfnun og söfnurum að fornu og nýju Safnið efnir til rannsókna og skrifa um alþýðulist, handverk, aðferðir, söfnun og varðveizlu Safnið efnir til rannsókna í samvinnu við sérfræðinga um ættbundna hæfileika til listsköpunar og má nefna t.d. að í Húnaþingi vestra er alþýðulistarfólk hlutfallslega fleira en annars staðar á landinu. Tilgangurinn er að fá einhverjar vísbendingar um innbyrðis áhrif, ögranir og hvata án þess að gera lítið úr persónulegri innsýn og hæfileikum folks Safnið vinnur áfram úr tilgátu *Hringferli myndlistar* sem er notað við tölvuskráningu á listaverkum safnsins og stefnir að því að birta niðurstöðurnar opinberlega til leiðbeiningar fyrir fagfólk, listnemendur og listunnendur, og aðra þá sem vilja fræðast um þetta efni og nýta sér það

15

Rannsóknaráætlun [útdráttur]

Eftirtaldir listamenn hafa forgang í rannsóknum Safnasafnsins, þó ekki eftir stafrófsröð, heldur verður lífsstarf þeirra kannað eftir því sem sýningarætlunum vindur fram. Líklegt er talið að fleiri listamenn bætist í hópinn fljótlega: Bjarni H. Þórarinsson [1947], Reykjavík - Sjonlistarfræðingur, *Kokkur Kyrjan Kvæsir*, Vísiakademía, Þvílíkasafnið o.fl. Blómey Stefánsdóttir [1914-1997] og Óskar Magnússon [1915-1992], Reykjavík – ofin teppi

Eggert Magnússon [1915-2010], Reykjavík – olíu- og akrílmálverk Grænland, varðveisluverk skv. gjafabréfi – túpilakar, verkfæri, líkön og leikföng, ljósmyndir Guðjón R[unólfsson] Sigurðsson [1903-1991], Fagurhólsmýri – tálgað fólk, húsdýr, ull í hári Hrefna Sigurðardóttir [1925], Reykjavík – vatnslita- og kítarmyndir Ingvar Ellert Óskarsson [1944-1992], Reykjavík – kítar-, túss- og vatnslitamyndir Ísleifur Sesselíus Konráðsson [1889-1972], Reykjavík – olíumálverk Jón *bóndi* Bjarnason [1791-1861], Þórormstungu í Vatnsdal, A-Hún – teikningar í handritum Jón *lærði* Guðmundsson [1574-1658], Kaupmannahöfn – handritateikningar > bók 2013 Karl Kjerúlf Einarsson [1897-1972], *Dunganon, Hertogi af St. Kilda*, Kaupmannahöfn – kítarmyndir, myndljóð o.fl. Leó Anton Arnason [1912-1995] *Ljón Norðursins*, Selfossi – skúlpútar, teikningar, ljóð Ragnar Bjarnason frá Öndverðarnesi [1909-1977], Reykjavík – steiptar málaðar styttur Ragnar Hermannsson [1922-2009] frá Flatey á Skjálfanda, Húsavík – sagaðar/tálgaðar styttur Samúel Jónsson [1884-1969], Brautarholti í Selárdal, Ketildalshreppi, Arnarfirði – hús, styttur Sigurlaug Bjarnadóttir [1918-1995] úr Breiðafjarðareyjum, Reykjavík – olíumálverk Stefán V. Jónsson [1908-1994] *Stórval* frá Möðrudal á Fjöllum, Reykjavík – málverk, kítar- og vatnslitaverk Sæmundur Valdimarsson [1918-2006], Reykjavík – viðarskúlpútar Sölvi Helgason [1820-1895], Skagafirði – teikningar, klippimyndir, málaðir kistlar textar, ljóð Þórður Valdimarsson [1922-2002] *Kiko korri ro*, Reykjavík – teikningar, vatnslitamyndir

16

Ábyrgð

Safnið hefur mikinn hug á að því að taka að sér hlutverk ábyrgðarsafns um Alþýðulist Íslands og styrkja þannig stöðu sína og listarinnar í landinu. Það mun óska eftir því að fá til varðveizlu listaverk og aðra gripi í eigu annarra safna og efna til rannsókna, útgáfu og sýningarstarfs í samstarfi við þau. Í samvinnu við Þjóðminjasafnið væri hægt að teikna upp heildarmynd af þróun íslenskrar alþýdulistar frá landnámi. Þá kæmi í ljós hvernig hún skarast við myndlistariðkun sumra þeirra sem hafa gengið í listaháskóla og eru ósnortnir af kennslu en starfa á svipuðum nótum og alþýdulistarmenn. Þeim er hampað sem boðberum nýjunga – sem kristallar líklega ferskleik íslenskrar myndlistar! Þrátt fyrir velvilja almennings, góðan stuðning ríkisvalds og menningarsjóða við Alþýðulist Íslands með framlögum til Safnasafnsins, þá krauma fordómar undir niðri og spilla fyrir söfnun hennar og umsýslu. Það er forgangsmál í myndlistarlífi landsins að Safnasafninu verði fengið ábyrgðarhlutverk til þess að styðja og styrkja alla þá sem koma að Alþýðulist Íslands

17

Helstu varðveizlustaðir Alþýdulistar Íslands

Safnið hefur tekið saman skrá yfir 48 helstu staði, söfn, stofnanir og einstaklinga sem eiga umtalsverðan fjölda verka. Alþýðulist er ógagnsætt orð og frekar óþjálmt, en er notað hér sem samheiti yfir fjöldamargar gerðir eins og lýst er í *Hringferli myndlistar*. Alfreð Flóki, Einar Jónsson og Jóhannes Sveinsson *Kjarval* eru settir í flokk með alþýdulistarmönnum þar sem list þeirra fellur ósjálfrátt að einum eða fleiri þáttum kerfisins sem taka til alþýðlegrar myndgerðar þeirra. Skráin er yfirlit til bráðabirgða um varðveizlustaði alþýdulistarverka, aðallega eftir látið fólk, og verður haldið áfram að vinna við hana eftir því sem upplýsingar berast. Jafnframt verður sett saman skrá yfir alþýdulistarfólk sem er á lífi, sumt er hætt störfum. Yngra fólkið vinnur að list sinni við misgóðar aðstæður og vel kemur til greina að skrá það hér. Safnasafnið varðveitir stærstan hluta Alþýdulistar Íslands, en inn í eignina vantar verk eftir ýmsa þá listamenn sem eru þekktari meðal almennings og listfræðinga, þótt þeir séu ekki endilega betri sumir hverjir. Eignin er í aðalatriðum byggð upp þannig að í henni séu sem flest verk eftir hvern listamann, mest 710 eftir sama mann, annars frá 10-200. Vöntun er á sérskrá fyrir hvern vörslustað

18

Húsnæðismál

Safnið þarf fljótlega á auknu húsrými að halda, listaverkageymslan er 33 m² en þyrfti að vera 2-300 m², þá vantar rými undir forvörzlu, fagbókasafn, rannsóknir, skrifstofur, fyrirlestra- og sýningasal, smíðaverkstæði og vörumóttöku, salerni, einnig rými undir lagnir og tækjabúnað,

sem og húsvarðaríbúð. Um er að ræða einfalt og stílhreint 1100 m² hús á 2 hæðum

19

Heimildir

Safnið skráir eins fljótt og unnt er þau verk látinna alþýðulistarmanna sem eru í eigu erfingja, listasafna og safnara, gefur út uppsláttarrit eða setur á vefsíðu sína þátt um þá og verk þeirra. Safnið bætir fyrirbyggjandi skrá um varðveislustaði íslenskrar alþýðulistar og leitar eftir samstarfi við eigendur verka um að þeir skrái verk sín og veiti safninu aðgang að henni. Safnið kvikmyndar listamenn að störfum og tekur viðtöl við þá, og sýnir á vefsíðu sinni er fram líða stundir. Þetta verður þó að bíða uns hægt er að ráða sérhæfðan starfsmann til verksins.

20

Útgáfur

Safnið íhugar að gefa út bækur í takti við rannsóknir og sýningar, og það leitar eftir samstarfi um viðameiri útgáfur, bæði heima og erlendis, með fjölbreytilegt samstarf í huga. Fyrsta útgáfa verður um líf og listferil Sölva Helgasonar í ritstjórn Hörpu Björnsdóttur myndlistarmanns, og síðan um líf og liststarf Karls Kjerúlfs Einarssonar, Dunganons, Hertoga af St Kilda. Þá er til athugunar að gefa út uppsláttarrit um höfunda sem verk eru til eftir í safninu, taka síðan fyrir hvernig síðari tíma alþýðulistarmenn hafa unnið úr áhrifum frá verkum eldri listamanna sem eru til á söfnum, eða þeim verkum sem hafa verið tiltæk annars staðar, t.d. á heimilum manna. Þá verða skoðaðar nýjar hugmyndir um útgáfur og nýstárlega leiðir farnar til að kynna íslenska alþýðulist með nýrri stafrænni tækni á neti og í prentverki.

21

Bókastofa

Safnið á stórt bókasafn, bækur um efni sem tengist starfsemi þess, en einnig fjölda bóka sem ná út fyrir þann ramma og eru til fræðslu og skemmtunar. Þær eru ekki lánaðar út en eru til skoðunar og lestrar á opnunartíma, eða eftir samkomulagi vegna sérstakra athugana og rannsókna.

22

Minjagripagerð

Safnið efnir til nýsköpunarvinnu í alþýðlegri minjagripagerð sem byggir á menningararfinum. Í fyrstu verða gerðir flokkar um drauga og þjóðsagnadýr, síðar hlutir sem hafa skírskotun til eldri og yngri gilda í þjóðlífinu. Hægt væri að hafa samstarf við hönnunardeildir listaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, eða efna til samkeppni um tillögur meðal almennings.

23

Umhverfisstefna

Safnið flokkar allt efni sem frá því fer, lífrænt efni fer í jarðvinnslutunnu, öðrum efnum er ráðstafað skv. því sem sveitarfélagið ákveður, og fara í endurvinnslu í héraði eða utan þess. Umhverfi safnsins er sett á oddinn með ræktun og viðhaldi gróðurs, hreinsun bæjarlækjar og meðfram þjóðvegi til norðurs og suðurs. Sjá nánar um umhverfi í sérskjali: *Öryggismál*

24

Þjónusta/miðlun

Safnið veitir þjónustu sem skilgreind er í safnalögum og skipulagsskrá, yfirlit á www.safnasafnid.is

25

Samstarf erlendis

Safnið íhugar að sækja um aðild að The European Outsider Art Accociation [EOA]. Meðal áhugaverðra aðila til að starfa með eru: Collection de l' Art Brut í Lausanne í Sviss, Halle Saint Pierre í París, Humanitarian Centre í Moskvu, Museum Sammlung Prinzhorn í Heidelberg og Haus der Künstler Gugging í Vín, einnig bandarísk söfn sem eru talin upp í *Eftirfylgni erlendis*

26

Miðlun erlendis

Safnið setur íslenska alþýðulist í alþjóðlegt samhengi, kynnir hana í erlendum fagtímaritum og efnir til samstarfs við erlend listhús og listasöfn um skiptisýningar og aðra starfsemi Reynt hefur verið að koma upplýsingum á framfæri í Chronology í Source Book sem tímaritið Raw Vision gefur út á fárra ára fresti en ekki tekist; til þess þyrfti safnið helst að fá stuðning frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti eða annarri þeirri stofnun sem sér um listkyningarmál

27

Eftirfylgni erlendis

Safnið hefur sett sér það takmark að gera sig gilt á alþjóðlegum vettvangi og komast sem fyrst í fremstu röð alþýðulistarafna. Það miðar sig við ofangreind Evrópsk söfn, einnig bandarísk alþýðulistarafna: The American Folk Art Museum í New York, The American Visionary Art Museum í Baltimore, The International Folk Art Museum í Santa Fé í New Mexico, svo fáein séu nefnd. Alþýðulistasöfn á norðurlöndunum eru flest tengd annarri starfsemi [verkstæðum]

28

Viðurkenningar

Safnið hefur hug á því að veita alþýðulistarfólki, handverksfólki og söfnurum á þessu sviði viðurkenningar, einnig velunnurum sínum [sem menntamálaráðherra afhenti]

29

Framtíðarsýn

Safnið stefnir að því að fólk komi gagnert til landsins til að heimsækja safnið. Það vill stuðla að því að alþýðulist á Íslandi njóti alþjóðlegrar frægðar og viðurkenningar enda eru miklir, aðlaðandi og spennandi möguleikar á því. Best færi á því að efna til átaks í samvinnu við ráðuneyti

30

Umfjöllunarefni

Safnið tók saman sérstakt skjal fyrir nokkrum árum til að hafa við hendina og leita í eftir þörfum. Það hefur komið sér afar vel við bréfaskrif, greinargerðir og áætlanir, að geta glöggvað sig á hugmyndum og útfærslum sem þar liggja á lausu. Skjalið er í mótun og er öllum frjálst að nýta sér það án þess að hafa áhyggjur af höfundarrétti; það er líka hægt að lesa þennan margslungna texta eins og ljóðabálk ef menn eru móttækilegir fyrir því og fagurlega stemmdir

△

Aðdráttarafi, heimsókn af tilviljun, vegna auglýsinga, fréttu, meðmæla, af orðspori eða ábendingar í síma og neti, eða skipulagðrar ferðar þar sem safnið er einn af áfangastöðunum
Aðfangaskrár safngripa [sérskjal]

Aðferðir og vinnuferli, gott er að hafa *Umfjöllunarefni* sér til halds og trausts!

Aðgengi inni sem úti, álag, þolmörk, greining, úrbætur fyrr en síðar, láta verkin ekki hlaðast upp og valda áhyggjum

Aðkoma, augljós inngangur frá farartækjum gesta, aðlaðandi móttaka, eitthvert stakt leiðandi afl eins og skúlptúr

Aðsókn, talning gesta [+ útisýningar], skráning: greitt, frítt, börn, eldra fólk og fatlaðir

Aðsókn, byggð á reynslu, raunhæfar væntingar, ekki ljúga til um fjölda gesta til að fegra, t.d. þegar sótt er um styrki

Almannatengsl, upplýsingar, skilvirkni, eftirfylgni, árangur [mæling, greining]

Almennur rekstur, áherslur, skipulag, áætlanir

Alþjóðasáttmálar sem varða söfn og aðrar menningarstofnanir

Arfur almennings, saga, varðveisla mikilvægra hluta og minninga, sérkenni landsvæða sem njóta verndar alþjóðalaga

Athyglisþjálfun starfsmanna og gesta [óbein]

Auglýsingar, útvarp, sjónvarp, blöð og tímarit, sýningaskrár, veggspjöld, vefsíða, netmiðlar

△

Ánægjuvög starfsfólks: 1. *Ástríða*, 2. *Áhugamál*, 3. *Hvöld*, 4. *Tilbreyting*, 5. *Stolt af velgengni*, 6. *Launakjör*, 7. *Sjálfstæðar ákvarðanir*, 8. *Starfsandi*, 9. *Sveigjanlegur vinnutími*, 10. *Trúverðugleiki stjórnenda*, 11. *Vinnurými*, 12.

Tækjabúnaður

Ársskýrslur, helstu atriði í rekstri og starfsemi, hafa tiltækan útdrátt fyrir þá sem óska eftir að kynna sér stöðu mála

Árverkni, skynjun breytinga, hafa forystu, grípa tækifærið, hrífa fólk til að taka stökkið með sér

B

Bakgrunnur gesta, þekking á söfnum, fyrirfram mótuð skoðun, aðlögun, að bregðast við neikvæðni á jákvæðan hátt, beina athygli gestsins að einhverju sem getur hugsanlega heillað hann

Bakgrunnsmyndir á sýningum, fastar og hreyfanlegar

Bankaviðskipti, reikningar, lántökur, greiðsluáætlanir, vísitölur, vextir og ýmis kostnaður

Birgðahald, söluvara, kort, sýningarskrár, bæklingar annarra

Birtustýring, ljósahönnun, kastarar, kaplar, fjöltengi, almennir tenglar og rofar [+úti]

Bílastæði, sérmerki fyrir rútur og fatlaða, út- og innpílur, P

Bíll, snatt og flutningar með fyrirferðarlitla hluti

Blóm, inni og úti, bætir líðan í almenningsrýmum og er hluti af ánægjulegri upplifun gesta

Boð, opnanir, sérstakar móttöku, minni og stærri veislur

Boðskort, boðsbréf til dreifingar í héraði og netpósti

Boðskortalisti, uppfærslur á hverju ári

Bókhald, best að láta endurskoðunarskrifstofu sjá um það

Bókastofa, kaup, flokkun, skráning, plöstun, röðun, grisjun, viðgerðir

Bréfabók 1, bréf til og frá, tölvupóstur, afrit af skjölum, umsóknir og svör, annað skv. dagbók

Bréfabók 2, tillögur, leiðbeiningar, ýmsir pappírar sem þarf að grípa til

Bréfabók 3, lög og reglugerðir, úttektir, vottorð, leyfi, samningar, þinglýsingar

Bæklingar, fyrir upplýsingamiðstöðvar um allt land

D

Dagbók í tölvu, skráð símtöl, bréf, samtöl, viðburðir, gjafir, styrkir, innkaup, vinnuframlag af ýmsu tæi, verkefnalisti

Dagskrárgerð, auglýstar sýningar, samkomur og viðburðir

Draumur um bættar aðstæður, mikilvægt er að dreyma eitthvað eftirsóknarvert og stórkostlegt sem maður heldur að rætist aldrei!

E

Eftirlit og vottorð, Eldvarnaeftirlitið, Heilbrigðiseftirlitið, Listasafn Íslands, Ríkisendurskoðun, Safnaráð, Vinnueftirlitið

Einfaldleiki í starfi og umræðum, hafa skýrar línur í öllum verkefnum safnsins, ekki flækja og þyngja málin

Einkasöfn, skrá yfir eigendur, ljósmyndir, aðgangur, öflun heimilda, rannsóknir og útgáfur

Eldvarnir, stjórnstöð, leiðbeiningar, reykskynjarar, handboðar, bjöllur, slöngur, slökkvitæki, teppi, neyðarlýsing

Endurskoðun bókhalds, ráðgjöf, aðstoð vegna sérverkefna

F

Fagbókasafn, sérfræðiþekking, úrklippusafn, ljósmyndabækur [albúm]

Fagurfræðilegt umhverfi, tengsl við náttúru, manngert jafnvægi, samspil umhverfis og sýninga inni sem úti

Fasteignagjöld, sorphirða, vatnsskattur, tímabundnar álögur

Fatahengi, farangursskápar, skóhlífar í bleytu

Fánar og stangir, íslenski fáninn, erlendir fánar, safnafáni, veifur, fáni með viðurkenningarmerki Safnaráðs

Ferðamálasamtök, virk aðild, markaðsmál, tenglar

Ferðaþjónusta, ferðaskrifstofur, skemmtiferðaskip [heimsóknaskrá], verðlagning

Ferskleiki sýningar er 1 ár, hægt að lengja líf með endurbótum í 2 ár, eftir það er hún úrelt og fælir heimamenn frá

Félagslegt aðengi, án mismununar, minnihlutahópar, fatlaðir, fangar, veikir en rólfærir einstaklingar

Fésbók, vinatengsl, hraðvirkur fréttáflutningur til að fanga athygli fjöldans, að beina honum á viðburð eða sýningu

Fjarskipti, línusími, skiptiborð, farsími, sjóðsvél, kortaposar, kallkerfi, tölvupóstur
Fjármálastjórn, fjárhags- og greiðsluáætlanir, skýringar með hverjum lið
Fjölfeldi, Listveisla 1 [*SAFNID* > *Safnasafnið og konurnar, Nýmæli, Vefsýningar*]
Fjölmíðlar, fréttatilkynningar, skilaboð, viðtöl [hafa ljósmyndir og grunnupplýsingar til taks]
Fjölnotarými, sjónvarp, skjávarp, dvd-spilarar, tökuvélar, skjátæki, skriftartöflur, spjaldtölvur
Flokkunarkerfi, gátlistar, atriðaskrár, verkefnalistar, tækjaskrár, verðlistar
Flóðlýsing safnhúsa, útiljós [göngustígar, viðkvæm svæði]
Flutningafyrirtæki, þökkun, tryggingar, ástandsskýrslur, umsjón og eftirlit
Flötur, rými, vídd, til skoðunar við uppsetningu sýninga
Forvarzla, fyrirbyggjandi og styrkjandi forvarsla gripa og listaverka
Forystuhlutverk, sérstök ábyrgð á landsvísu, um mikilvægi þess að vera á réttri hillu til að taka við og móta stefnuna
Framvinduskýrslur verkefna og áætlana
Framvirkni, frumkvæði, dirfska, ögrun, frumlegar hugsanir og athafnir, örvun til dáða, hressandi innspýting!
Fræðsla, hafa skrá yfir alla þætti á vefsíðu safnsins til að fólk geti kynnt sér hvað er í boði
Fylgiskjalalisti, áherslupættir
Fundir, tilvísanir, stefnumál, áherslur, afgreiðslur, ályktanir, fundargerðir
Fyrirlestrar, málþing, fjarfundir, pallborð
Fyrirtækjastuðningur, gagnkvæmur ávinningur, framlag gegn framlagi: heimboð með veitingum og skemmtiatriðum

G

Gagnagrunnar, samningar, tímabundin leyfi, krækjur í vefsíður
Gagnrýni, umfjöllun um jákvæðar og neikvæðar umsagnir, bregðast við hlutleysi og doða, það er til einskis að þrasa
Garðar, bekkir, borð, viðhald, endurnýjun, uppröðun, flutningar, geymslur
Garðar, skipulag og útfærsla, verkþættir, gróðursetning, snyrting, garðsláttur, hirðing, vökvun, vor- og haustverk
Gervi, bábiljur, líkindi, lygi, skrum, víti til varnaðar
Gestamóttaka, fanga athyglina, vísa leiðina, heilsa með bros á vör og spjalla á léttum nótum
Geymslur safngripa, viðkvæm verk, hita- og rakastjórnun
Girðingar, landamörk, hlið, færanlegar grindur eða áprentaðir borðar til að stýra aðkomu
Gjafabréf, eiga til ramma
Gólfhreinsun, gólfhreinsivél, ryk- og vatnssuga með blæstri út fyrir hús, önnur ryksíun, víftur
Grunnhugtök, skilgreiningar, samræming [lög og reglur]

H

Handbækur, fagrit, þjónustuskrár, áætlanagerðir, vinnubækur, uppsláttarrit, töflur
Heildrænar lausnir, starf og umhverfi, hreinleiki, tærleiki, heilbrigði, viðbragðsstaða
Heimildir, gagnaleit, flokkun, merki, númer, staðsetning í geymslu eða stafrænum skjölum
Héraðsmynd, menning afmarkaðra svæða, þátttaka sögufélaga
Hillur, færanlegir glerskápar
Hirslur, plast- og krossviðskassar [sérsmíði], hólkar, stálskúffur [einingar]
Hljóðmyndir og vegvísar daufblindra og heyrnarskertra
Hlutföll, áferð og mynstur
Hugmyndafræðilegt umhverfi, byggingarlist, mismunandi salarkynni, lofthæð, rýmistilfinning, sjónlínur inni, útsýni
Hugmyndasmiðja æskunnar, grundvöllur samstarfa safns, leikskóla og grunnskóla, skemmtimenntun, fræðsla
Hugmyndavinna, hugtök, nýir fletir, nýstárleg nálgun, umbylting
Húsvarsla, sérstakar aðstæður [gestir í lista- og fræðimannsíbúð gæta safns um tíma]
Hönnun sýninga, boðskorta, skilta og merkinga, veggspjalda, bóka og bæklinga
Höfundarréttarlög, innlendar og alþjóðlegar skuldbindingar, Höfundalög og Myndstef fyrir hönd rétthafa

I

Iðnaðarmenn, byggingarmeistari, blikkari, málari, múrari, pípari, rafvirki, smiður

Innbrotsvarnir, stjórnstöð, skynjarar, upptökuvélar, neyðarhnappar og bjöllur, fjarstýringar [númer og leyniorð]

Inngangseyrir, fast verð, afslættir, hóp gjöld, tilboð tengd þjónustu s.s. veitingum og leiðsögn

Innihaldslýsingar, blátt áfram skýrt og skorinort mál, forðast langhund og flækjustig í fréttatilkynningum og greinum

Innkaup, veitingar, verslun, skrifstofa, salerni, verkstæði, lista- og fræðimannsíbúð

Innrömmun, pappaskurðarvél, bútasög, heftibyssa, rammabyssa, pappi, pappír, lím og gler

Innsetning, ákveðin hugmynd útfærð sem heild, eða margar ólíkar hugmyndir láttnar vinna saman innan hennar

I

Íbúar, meðvitund um gildi og vægi safnsins, hrifning, hreykni, samstarf safns og skóla og íbúa

Ímyndarvinna, alúð, ræktarsemi, tiltrú og staðfesta

Ítarefni á sýningum, upplýsingar í fjölprenti sem komast ekki fyrir í sýningarskrá, líka hægt að birta á vefsíðu

J

Jaðarlist, varkárni, fordómar, einelti [ofsóknir], sýna listafólki áhuga, nálgast það á jafnréttisgrundvelli

Jafnvægi sýninga, notkun stakra muna til áherslu, einnig forma og lita til þess að tengja saman tvær eða fleiri sýningar

K

Kannanir meðal gesta, gagnrýni, hugmyndir, rökstuddar tillögur, úrvinnsla og endurbætur

Kynningarefni á mörgum tungumálum, eiga efni fyrir fjölmiðla, stofnanir og hópa, útgáfur handbóka og ferðabóka

Kynnisferðir innanlands sem utan [safnklúbbur], markviss undirbúningur, tekið tillit til óska skráðra þátttakenda

L

Lager, eldri og yngri sýningaskrár, söluvarningur, pökkunarefni

Launamál, vinnulöggjöf, launataxtar, réttindi og skyldur [vaktöflur, útköll, aukastörf, afleysingarstörf]

Lán á safngripum

Leikskólar, fá börnin til liðs við safnið, sýna verk þeirra, sér eða með öðrum

Leyfisgjöld, Heilbrigðiseftirlit [sýnatökur], Vinnueftirlit [úttektir]

Lista- og fræðimannsíbúð, umsjón, verð, samningur, birgðir, gestabók, aðstaða til vinnu, afnot af sölum og verkstæði

Listfræði, litsagnfræði, listheimspeki, greining, rannsóknir, skrif o.fl.

Listfræðingar, listheimspekingar, listsagnfræðingar og fagurfræðingar eru oftast óhæfir til að stjórna listasöfnum, látum myndlistarmennina um það!

Listmarkaður, fagmennska, traust, verðhreyfingar, skoða safneign með tilliti til verðbreytinga

Listaverkageymsla, niðurröðun, aðgreining, hillumerking og fastir staðir, skráður hreyfanleiki vegna millisafnalána o.fl.

Lífheild, safn sem lifandi samfélag, kjarni, fjölbreytileiki, sveigjanleiki, slagkraftur, útgeislun og kynþokki

Líftími athyglinnar, stöðug vökvun og næring

Líkan af safnhúsum, hreyfanlegir hlutir, tölvumyndir, tölvulíkön þar sem er “hægt að ganga um og skoða sýningarnar”

Líkan, leikfang, listaverk [slagorð]

Líkindi með gripum, ólík hlutverk, sýnt fram á það með leiðarvísingum á sýningum

Ljósmyndun, filmur, framköllun, stafræn geymd

Ljósritunarefni [faxtæki, prentari]

Loftmyndir, staðsetning innan afmarkaðs svæðis, nákvæmar yfirlitsmyndir [bílastæði í grennd]

Lykilmaður, fjáröflun, vildarkynning

Lög og reglugerðir, lögfræðileg álitamál, lögfræðingur á starfsviði safnsins [höfundarréttur]

M

Markmið, skammtíma og langtímaskilgreiningar, áherslur, fagmannleg gagnrýni, framfylgni, eftirfylgni og matsgerð

Markaðssetning, greining vörunnar, aðlögun, áætlanir, arðsemi, vörulínur, markhópar

Málning, lökk, olíur og rotvarnarefni, tæki og áhöld, djúpur vaskur, aðgengileg, skipulögð læst og loftræst geymsla

Meindýravarnir, hátíðnifælur, "músahótel", eiturúðun fyrir skordýr

Mennningarleg sérstaða, sýnileg, bætt, kynnt stöðugt

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, upplýsingar, samningar fyrir byggingarframkvæmdir

Menntastefna safnsins, t.d. skv. Námskrá grunnskóla: "Nýsköpun, hagnýting þekkingar"

Merkingar sem miðast við þolmörk gesta, stafagerð og stærðir, línulengd, stutt og hnitmiðuð lýsing, vísað í ítarefni

Miðlun, innan safns sem utan, leiðsögn, fræðsla

Millisafnalán, formlegar afgreiðslur, ný sýn, skerping á safneign, samanburður

Minjagripir, nýjar vörulínur árlega ef hægt er

Myndvísindi, tilvísanir í opinbera listasögu, sýndar rannsóknir í myndformi [HÁ, NH, ÞV]

Móttaka gesta, sjóðsvél, posar, reiknivél, kvittanahefti [nr. bankareiknings, kennitala]

Móttaka gjafa, og innkaupa

Móttökusvæði, innkeyrsla ef hægt er, ferming og afferming, tímabundin geymsla, öryggismál, kassar og þökkunarefni

N

Námskeið um allt sem viðkemur markmiðum og starfsemi safnsins

Náttúrleg sérkenni staðarins, grenndarmörk, samvinna við eigendur aðliggjandi svæða, viðhaldsverk og kostnaður

Neyðardyr, útljós, útiljós, handboðar, flóttaleiðir, útdregnir álstigar á svölum, björgunarop [t.d. 60x60 sm. gluggi]

Neysluvatn, heitt og kalt, spilling vatnsbóla, vöktun og rannsóknir, viðvaranir í augsýn gesta

Nýir heimar, skilvirkni ólíkra hluta, að skapa afmarkaða menningarkima eða smáa listheima, sem ögra og endurskapa

O

Ofhleðsla, stirðleiki, stöðnun, viðbragð, stöðug skoðun og skilgreining á starfssviði safnsins

Orðfæri, eðlilegt mál, stuttar setningar, samræming ólíkra misgamalla texta til að fá sannfærandi heildarmynd

Opnanir, umfang, boðsgestir, viðbótarfjöldi, dagskrá, ræður, lágmarksveitingar, gjörningar, tónlistarflutningur

Orkumál, hitaveita, rafmagn, 3ja fasa tengill fyrir öflug tæki, töflur, mælar, stillingar

Ó

Ófreski, tilfinning fyrir því sem er í gerjun en á eftir að koma upp á yfirborðið, að vera alltaf fyrri til að grípa gæsina

Óskilgreint efni, óútfærð hugmynd, ígildi verks, eitthvað sem reynir á hugmyndaflugið

P

Pallar, skábrautir, brýr, stígar, tengingar við aðkomuleiðir, nauðsynlegar vegna neyðaráætlana

Persónuvernd, takmörkun á upplýsingagjöf ef þess er óskað, tala þarf vel um höfunda listaverka, gripa og heimilda

Plastgler, hjálmur [viðkvæmir í geymslu]

Póstur, aðgengi, dreifing

Prentverk, samningar, tilboð, gerð, stærð, blaðsíður, kápa, pappír, eftirlit með umbroti skv. hönnun [skurður, letur]

Prófarkarlestur, endurlestur, samanburður, lúsaleit og leiðréttingar

Þökkun og frágangur, geymslur, flutningar, umbúnaðarefni [silkipappír, kurl, svampur, bóluplast og bylgjupappi]

R

Rannsóknir, tilgátur, niðurstöður, sérfræðiálit, opinber birting, kynning, sýning, útgáfa

Rannsóknarými, aðstaða, tæki og búnaður

Ráðgjöf á vegum safnsins á öllum sviðum þess [hafa frumkvæði]

Ráðningar, fastir starfsmenn, aukafólk, útköll, álagsvinna, viðbragðsverkefni

Reikningar, stöðluð prentform [nafn, kennitala, heimilisfang, sími, @, www, vsk]

Rekstraráætlanir, framvinda verkefna, flýtimeðferð, dagsetningar

Rekstrareldhús, tæki, borðbúnaður, kæli- og frystivara, bakstur og eldun, tiltekt og þrif

Rekstrarvörur, almennar, sértækar

Reynsla eða reynsluleysi gesta, viðbrögð, hlédrægni, hvatning, innblástur [prósaskrif]
Risna vegna sýnenda, ferðalög starfsmanna, dagpeningar
Ræktun, sjálfbærni, gróðurhús, jarðvegstunna, verkfæri, matjurtagarður og berjarunnar, fjallagrasaferðir ef hægt er
Ræsting, vaskar, þrifavagn, þvottavél, þurrkari, hreinlætisvörur, áhöld, eiturefni [læstir skápar]
S
Safnadagar, Alþjóðlegi safnadagurinn 18. maí [síður t.d. Eyfirski og Íslenski safnadagurinn]
Safnverslun, daglegt uppgjör, samningar við höfunda og framleiðendur
Safneign, söfnun, varðveisla o.fl. skv. skipulagsskrá
Safngestakönnun, spurningalistar, úrvinnsla, ályktanir og lærdómur, tillögur framkvæmdar, kynning á vefsíðu
Safngestaráð til að meta húsakost og alla starfsemi safnsins [er þó frekar stirt í vöfum]
Safngripir, höfundar, bakgrunnur, saga, efni, aðferðir, stærðir, fjöldi, verndun persónulegra upplýsinga
Safnið sjálft, staða, endurskoðun markmiða, þróun, verndun, umhyggja, ást og blíða!
Safnkassar, valdir hlutir sem einkenna deildir safnsins, geta gagnast fötluðum [daufblindum]
Safnaráð, upplýsingar á vefsíðu
Safnstjóri, skapandi snilligáfa, hugsjónir, yfirburðahæfni, frumkvæði og hraðvirkni, þekking á öllum störfum safnsins
Safnstjórn, víðsýni, heiðarleiki, virðing, trúnaður, samheldni, jákvæð stefnumótun
Samkeppni, reglur, hugmyndir, upprættir, líkön, fylgiskjöl
Samningar, markmið, sveigjanleiki, þrautseigja, sanngirni, eftirfylgni
Skilningur á milli safns og viðskiptavina þess
Salerni, umsjón og eftirlit, snaga, hillur, skiptiborð, birgðir [bleyjur, pappír, sápur, dömubindi]
Samræða, mismunandi sjónarmið, nýir fletir, hugarflug og þroskandi vangaveltur
Samskipti við innlendar og erlendar stofnanir
Samstarfsverkefni, sameiginleg markmið og áhugi, brjóta upp vana og hefðir
Sérfræðipjónusta, seld og keypt
Siðareglur Alþjóðaráðs safna [ICOM], eigin siðareglur, sjálfs gagnrýni, vakandi hugarfar
Sjálfsmynd, umhyggja og næring, tilfinning fyrir mikilvægi hennar
Sjónarhorn, sjónlínur inn og út um glugga
Skannar, ljósmyndir, tölvuglærur og textar
Skapað skv. sýningum og sýnilegum safnkosti, í skólaheimsókn, hafa ljósmyndir til hliðsjónar
Skemmtanir, leikföng, þrautir, ratleikir, safntengd tjáning
Skilti, merkingar við gönguleiðir, fræðsluskilti [Ferðamálastofa], vegaskilti [Vegagerðin]
Skipurit
Skjalavarsla, örugg geymsla, förgun
Skiptisýningar heima og erlendis
Skipulagsskrá, endurskoðun og þróun í takt við tímann
Skólastarf, sérverkefni, móttökur nemenda, sýningar í safninu, samningar við sveitarstjórnir og/eða fræðslunefndir
Skrifstofa, dagleg stjórn, rekstur, yfirumsjón með sérsviðum og deildum
Skrifstofukostnaður, sparnaður, tilboð, afslættir, magnkaup
Snjómokstur, grýlukerti, ruðningar, blásari
Staða, lárétt, lóðrétt, hallandi, staðsetning, uppsetning sýninga, fá myndlistarmenn til verka
Starfslýsingar, starfsfólk, dreifing verkefna, verkábyrgð, skiptistörf, tilbreyting í starfi
Starfsmannafundir, starfsdagar
Starfsmat, sjálfsmat
Stílderðir, stílblöndun [sýningar, útgáfur]
Stoðtæki, hjólastólar, stillanleg húsgögn, skábretti yfir 1-2 tröppur og þröskulda, lyftur
Styrkir erlendis frá, alþjóðleg samstarfsverkefni [3-5 lönd]
Styrkjakerfi, bakhjarlar einstakra verkefna, menningarsjóðir, aðrir sjóðir
Styrkumsóknir, nýmæli, skilgreining, sannfæring, fjárhagsáætlun, verk- og tímaáætlun, eigið framlag, ábyrgð og eftirfylgni
Sveitarfélag, samskipti, framlög, tímabundin eftirgjöf gjalda, vinnuskóli, umhverfismál

Sýndarrými [Cyberspace – sæból] til að skoða ýmsa þætti í kynningarmálum og miðlun
Sýningargerð, sýningastjórn, hugmyndafræði, áhrifavalda, rjúfa stöðnun, fá ný sjónarhorn
Sýningargögn, stöplar, borð, skápar, gler, búkkar og plötur [milliveggir]

Sýningarskrá, ný árlega, þarf ekki að vera umfangsmikil, allar skrár varðveittar á vefsíðu til upplýsingar fyrir gesti og áhugafólk

Sýningaráætlanir, skipulagt fram í tímann, 2-5 ár, svo listafólk geti undirbúið sig

Sýningar, hafa alltaf 1-2 rými aflögu, helst 5-15 sýningar árlega til að viðhalda áhuga gesta, ekki síst heimamanna, nágretta og fjargranna

Sýningartækni sem fylgir einstökum verkum eða verkheildum, almenn, sértæk

Sýningarvagn, verkfæri, smávörur til uppsetninga verka

Söfnun listaverka, allt landið undir skv. ákvæðum skipulagsskrár safnsins

T

Tákningar, tilvísanir í jaðarlist og fjöldaframleidda merkingahlaðna gripi, eitthvað geggjáð

Tema, sérstakar áherslur í ákveðinni heild safngripa á sýningum

Tenglar innan og utan safnaheims, gagnsæi, upplýsingaflæði, nothæfi

Textar við safngripi, sýnileg hölf fyrir ítarefni, mismunandi leturstærðir eftir upplýsingagildi

Tilboðsöflun, kostnaðaráætlun, verkþættir, viðgerðir, framkvæmdir

Tilfærslur, vagnar, hjólaborð, trillur, tröppur, stigar, brettalyftari

Tilnefningar til viðurkenninga og verðlauna, virðismat, eftirsókn og álitsauki [ekki slá sér upp á kostnað safnsins]

Tíðarandi, breytingarskeið, grasrótarstarf, viðhorfsbýlting

Tímarit, áskriftir, lausakaup

Trésmíðaverkstæði, umsjón og eftirlit, vélar og verkfæri, efni, innkaup, yfirsýn á smávöru og varahluti [skrár]

Tryggingar, lögbundin brunatrygging, ýmsar sértryggingar, tímabundnar tryggingar

Tækja- og verkfæraleiga

Tækni, sérhæfð tæki, fylgihlutir, innkaup og varðveisla

Tæknirými, töflur, tengibox, hitagrind, inntök fyrir kalt/heitt vatn, rafmagn og síma [net, eldvarnir, innbrotsvarnir]

Tölvubúnaður, forrit, nettengi, flutningsleiðir og lagnir, öryggishólf, prentarar, viðhald og endurnýjun

Tölvuskráning, myndaforrit

U

Umhverfi, sláttuvél, vélorf, hrífur, garðáhöld, bílkerra, vinnuskúr, yfirbreiðslur, stuðningsprik við tré [teygjur]

Umhverfismat lóðar og nágrennis, grenndarkynning, samstarf

Umhverfisstýring, ljós, raki, hiti, mengun, örveirur, skordýr

Uppdrættir af safnhúsum, mál og hlutföll, allar útlagnir og heimtaugar séu mældar frá húsvegg og merktar

Uppgötvanir gesta, skýringar og samþykki, smáatriðaleit

Upplýsingar, öflun, skrásetning, miðlun innan safns og utan, samnýting

Uppruni verka, eigendasaga, áritun, merki, stimpill, viðgerðir, sýningarferill verka

Uppsetning sýninga, verklýsing, skipulag, framkvæmd skv. hönnun, niðurtekt sýninga og frágangur verka

Upptökur, myndbönd, dvd, sýningar safnsins, einkasýningar, fræðsluefni, upptökur á fundum og málþingum

Ú

Úrgangur, sorpílát, flokkun, spilliefni, frárennsli, brunnar, dren, rotþró, siturbeð, urðun

Útgáfur A, upplýsingar með fylgiverkum, grafík, fjölfeldi

Útgáfur B, samningar, tímasetningar, undirbúningur, textar, skrár, kort, ljósmyndir

V

Varðveizla listaverka, gripa og heimilda, skilvirk kerfi, stuðningsskjöl

Varðveizlusamningar, tilsjónarmenn [eignamyndun eftir ákveðinn árafjölda þar sem verk er þá orðið óeiginlegur hluti af safneigninni]

Vatnskranar úti, garðslöngur, úðarar, háþrýstíþvottur, lengjanleg skóft með sköfu og bursta

Vaxtarbroddar, aðlögunarhæfni, stökkbreytingar!
Veitingahús, rými fyrir borð og stóla inni og úti, innviðir, aðstaða, verðlag, tilboð, þjónusta, lágmarks- og hámarksnýting á sal
Verðlag, inngangur, söluvara, veitingar, kanna samkeppniststöðu, lækka verð til að auka veltu
Viðbragðsáætlanir vegna innbrota, rána og gripdeilda, eldsvoða og náttúruhamfara [flóða, slagveðurs skáhallt á þök]
Viftur, listaverkageymsla, tæknirými, málningarkompa, loftræsting úr gluggum nægir í móttöku og sölum
Viðhald og viðgerðir, ástandsskoðun, viðhaldsbók fasteigna [netforrit]
Viðurkenningar safnsins, árituð skjöl [sem menningarmálaráðherra veitir]
Vinnustaður, birta, persónurými starfsmanns, náttúruleg loftræsting, sturta, læstur skápur
Væntingar gesta sem heimsækja safnið árlega, koma þeim á óvart, kynda undir áhuga, fá frítt inn eftir annað skiptið
Þ
Þakkarlisti, sýningarskrá, vefsíða ef eitthvað sérstakt ber við eins og t.d. óvænt stórgjöf eða sjálfboðaliðsstarf
Þátttaka gesta, snerting, tjáning, tillögur sem eru afþakkaðar eða teknar til skoðunar
Þjálfun starfsfólks, almenn, sérstök, að gestir fái alltaf meira í sinn hlut en auglýst er eða þeir hafa reiknað með að fá að njóta
Þjónustugjöld, tölvubúnaður, síma- og netþjónusta, vefsíða, öryggiskerfi
Þróun hugmynda, alþjóðleg viðmið, innlendir vettvangur
Þúsundþjalasmiður, segir meira en mörg orð!
Þægindi gesta, vellíðan, hvíldarherbergi, sæti í sölum, gott andrúmsloft, jákvætt og hvetjandi viðmót starfsfólksins
Æ
Ævintýri, að skapa heillandi töfraheim innan eða utan safns sem er sérstakur og frábrugðinn raunveruleikanum, eitthvað sem gestir ræða um lengi á eftir, gleyma kannski aldrei
Ö
Öryggismál almennt, fjargæsla, viðhaldsbækur, tengingar í fartölvu, farsíma og önnur tæki sem til eru, eða koma fram með nýrri tækni á næstu árum

31

Til athugunar

Fyrir liggur ítarleg samantekt um **Öryggismál**, sum atriði hennar eru nefnd í Starfsstefnu en útfærð mun betur þar. Þessi atriði eru í samantekinni: Safnhús: Nýbygging og Gamla-búð; Eldhólf/brunamótstaða; Eldvarnir; Loftræsting; Umferð í safninu/flutningar; Inn- og útgönguleiðir; Innbrotsvarnir; Þjófnaðir/glataðir munir; Sérstakar aðstæður; Rakaskynjarar; Mælingar; Varðveizla safnkosts; Tölvuskráning/gagnavarzla/aðgengi; Lán á verkum skv. gjafabréfum og varðveizlusamningum [ástandsskoðun; aðstæður/lýsing/raki/mælingar; umsókn lánþega, öryggismál, flutningur verka; tryggingar; meðhöndlun verka/hnjask/viðbrögð; greiðslur; undanþágur]; Myndatökur; Náttúra/umhverfi; Neysluvatn; Meindýr; Lífræn efni; Rusl; Þrif; Slysavarnir; Venjubundið daglegt eftirlit; Viðbragðsáætlanir; Úttektir/vottorð; Til athugunar [aðgerðir til að bæta ýmislegt sem betur má fara í öryggismálum Safnasafnsins, þ.e.a.s. þegar fjármagn fæst til verkanna]

Eftirmáli

Safnasafnið stendur hugmyndafræðilega nokkurn veginn mitt á milli Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands; það ræktar vel skilgreint hlutverk sem Listasafnið hefði líklega átt að taka að sér þegar Þjóðminjasafnið helgaði sig minjavernd og vörslu nytjalistar en lét söfnun alþýdulistar lönd og leið. Við það myndaðist gjá í söfnun menningarverðmæta sem Safnasafnið brúaði. Sú spurning hefur legið í loftinu um tíma hvort ekki sé nærtækt að skoða hvort alþýdulistarverk í eigu Þjóðminjasafnsins geti ekki átt húsaskjól annars staðar þegar fram líða stundir og aðstaða verður fyrir hendi, t.d. í Safnasafninu? Þá verður á sama stað stór og örugg listaverkageymsla fyrir Alþýdulist Íslands, fyrirbyggjandi og styrkjandi forvarzla, rannsóknir og útgáfur, skólafræðsla og hvers konar miðlun og þjónusta, öflugt sýningarhald, sérfræðileg verkefni og samstarf við erlend listasöfn, listhús og menningarsjóði Með samningi

við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um ábyrgðarsafn, húsnæðismál og starfsfólk verður hægt að sinna verkefnum sem of lengi hafa beðið afgreiðslu; þannig yrði safninu tryggð sú forysta sem það hefur náð, og vill útvíkka til þess að geta haslað sér völl erlendis

Nánari upplýsingar er hægt að fá á www.safnasafnid.is, safngeymsla@simnet.is og í síma 4614066
Níels Hafstein

e.s.

Frumgerð af Starfsstefnu Safnasafnsins var samin þegar það tók Nýbyggingu og Gömlu-Búð í notkun vorið 2007 og var hún síðast uppfærð 13.11.2013